

Fundargerð

Annar fundur samstarfshóps vegna gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Geysi

haldinn í gegnum Teams þann 21. apríl 2021, kl. 13:00-14:00.

Fundarmenn:

Þórdís Björt Sigþórsdóttir, Umhverfisstofnun

Valdimar Kristjánsson, Umhverfisstofnun

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Agnes Geirdal, formaður umhverfisnefndar Bláskógabyggðar

Markmið fundar

Annar fundur samstarfshóps um gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Geysi.

Farið yfir 3. Kafla og álitamál í kaflanum.

Fundarefni

Hópurinn fór saman yfir 3. Kafla og komu nokkrar ábendingar og athugasemdir í yfirferðinni.

Umræður

Rætt var minjaskráning á svæðinu og ákveðið að Þórdís myndi skoða betur hver næstu skref verða. Rætt var reiðleið sem fer í gegnum svæðið og hvort mikilvægt sé að skilgreina hana sérstaklega sem reiðleið þar sem ekki er heimilt að fara um með rekstur. Ákveðið var að þessi atriði yrðu skoðuð ef þörf væri á, með því að meta hvort reiðleiðinni sé vel viðhaldið og hvort hún sé nokkuð að stækka. Rætt var úrgangsmál á svæðinu, er þörf á því að hafa úrgangstunnur á svæðinu eða ekki? Ákveðið var að þessi mál yrði skoðuð betur og tekin umræða við þjónstuaðila á svæðinu. Rætt var opinn kynningarfundur og tekin ákvörðun að hann yrði haldinn annahvort á rafrænu formi eða sem staðfundur eftir aðstæðum í samfélaginu, eftir að áætlun hefur verið í opnu auglýsingaferli í 3 vikur.

Næstu skref

- Þórdís kannar minjaskráningu.
- Þórdís og Valdimar klára að fínþússa áætlun.
- Valdimar skoðar betur úrgangsmál á svæðinu og á samtal við þá aðila sem reka þjónustumiðstöð.
- Áætlun tekin fyrir innanhúss áður en samstarfshópur samþykkir áætlunina til auglýsingar – áætlað að hún fari í auglýsingu samkvæmt verkáætlun, í maí 2021.